



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Handbók um
doktorsnám við Hugvísindasvið

Mars 2017

Formáli

Handbók þessi er ætluð doktorsnemum við Hugvísindasvið. Hún er tekin saman á vegum doktorsnámsnefndar Hugvísindasviðs og Félags doktorsnema á Hugvísindasviði og er uppfærð þegar þurfa þykir. Markmið hennar er að gefa greinargott yfirlit um sem flesta þætti doktorsnámsins á sviðinu.

Markmið skipulags doktorsnáms við Hugvísindasvið er að veita doktorsnemum vísitæka og trausta rannsóknarþjálfun, gera þá færa um að stunda sjálfstæð vísindastörf, afla nýrrar þekkingar og miðla henni. Námið er starfrækt í samræmi við heimild Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til Hugvísindasviðs um að útskrifa doktora, reglur Háskóla Íslands, reglur um doktorsnám við Hugvísindasvið og viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands.

Doktorsnámsnefnd hefur yfirumsjón með doktorsnámi á Hugvísindasviði. Nefndin leggur jafnframt kapp á að mynda námssamfélag sem styður jafnt við leiðbeinendur sem doktorsnema. Í nefndinni sitja formenn framhaldsnámsnefnda deilda sviðsins, fulltrúi doktorsnema, auk forseta fræðasviðs, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Félag doktorsnema við Hugvísindasvið var stofnað árið 2006 og er markmið þess að vinna að hagsmunamálum doktorsnema, miðla upplýsingum til þeirra, tilnefna fulltrúa í ráð og nefndir sviðsins og standa fyrir félagsstarfi.

Handbókin er unnin að frumkvæði Félags doktorsnema en fyrstu gerð hennar unnu Jón Karl Helgason prófessor, María Gestsdóttir verkefnisstjóri og Arngrímur Vídalín doktorsnemi. Handbókin byggir að hluta til á sambærilegri handbók sem doktorsráð Menntavísindasviðs hefur verið að þróa á liðnum árum og er Ólöfu Garðarsdóttur, formanni þess, þakkað fyrir að gefa Hugvísindasviði leyfi til nýta sér hana.

Frá umsókn til útskriftar

Við Hugvísindasvið er boðið upp á 180 eininga skipulagt doktorsnám í Sagnfræði- og heimspekideild, Mála- og menningardeild og Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Doktorsnám í Íslensku- og menningardeild er hins vegar 240 einingar en þar af eru 60 einingar svonefndur almennur hluti náms sem nemandi lýkur með því m.a. að taka námskeið, halda fyrirlestra og birta greinar.

Gert er ráð fyrir að nemendur í fullu námi ljúki 180 eininga námi á þremur árum og 240 eininga námi á fjórum árum. Í raun hefst ferlið þó strax þegar nemandi sækir um nám og því lýkur ekki fyrr en með doktorsvörn. Frá sjónarhóli nemandans eru helstu skrefin þessi. Lýsing á framvindu hér á eftir miðar við að nemendur í 180 eininga námi ljúki á þremur árum en nemendur í 240 eininga námi ljúki á 4 árum. Lýsingin miðast enn fremur við að nám hefjist á haustmisseri. Algengt er að nemendur þurfi lengri tíma til að ljúka og þarf þá að endurskoða áætlun um framvindu með tilliti til þess.

Umsókn

1. Nemandi skoðar upplýsingar um doktorsnám á vefsíðu Hugvísindastofnunar (hugvis.hi.is/doktorsnam), setur sig í samband við skrifstofu Hugvísindasviðs og/eða viðkomandi námsbraut og lýsir yfir áhuga á doktorsnámi. Á þessu stigi þarf nemandi að hafa allmótaða hugmynd um á hvaða rannsóknarsviði væntanlegt doktorsverkefni er.
2. Nauðsynlegt er að kanna hvort innan sviðsins sé þekking á efninu og leiðbeinandi sem samþykkir að taka nemanda að sér áður en gengið er frá umsókn. Slíkt samþykki er forsenda þess að væntanleg umsókn um nám sé samþykkt. Stúdent getur snúið sér beint til formanns greinar eða námsbrautar óski hann aðstoðar við að finna leiðbeinanda.
3. Nemandi fyllir út umsókn um doktorsnám. Umsóknarfrestur er 15. apríl fyrir haustmisseri og 15. október fyrir vormisseri hvert ár. Umsóknarfrestur fyrir erlenda umsækjendur utan Norðurlandanna er 1. febrúar ár hvert.
4. Nemandi fær svar við umsókn frá skrifstofu Hugvísindasviðs eftir afgreiðslu námsbrautar/deildar og doktorsnámsnefndar, innan sex vikna frá lokum umsóknarfrests.

Fyrsta misseri

1. Nemandi skráir sig sem nemanda við Háskóla Íslands og greiðir skrásetningargjald.

2. Doktorsnemi og leiðbeinandi ganga frá skriflegri námsáætlun sem er send doktorsnámsnefnd til samþykkar.
3. Leiðbeinandi gerir tillögu að doktorsnefnd og sendir doktorsnámsnefnd til samþykktar.
4. Doktorsnemi í 180 eininga námi skilar leiðbeinanda rannsóknar-áætlun og ver fyrir doktorsnefnd (sem þarf að vera skipuð á þessu stigi). Samþykkt áætlun er send doktorsnámsnefnd til samþykktar.

Annað misseri

1. Doktorsnemi og leiðbeinandi ganga frá námsframvinduskýrslu á fyrsta námsári og skila til skrifstofu Hugvísindasviðs.
2. Doktorsnemi í 240 eininga námi skilar leiðbeinanda rannsóknar-áætlun og ver fyrir doktorsnefnd (sem þarf að vera skipuð á þessu stigi). Samþykkt áætlun er send doktorsnámsnefnd til samþykktar.

Þriðja misseri

1. Nemandi skráir sig sem nemanda við Háskóla Íslands og greiðir skrásetningargjald.

Fjórtða misseri

1. Doktorsnemi og leiðbeinandi ganga frá námsframvinduskýrslu og skila til skrifstofu Hugvísindasviðs.

Fimmta misseri

1. Nemandi skráir sig sem nemanda við Háskóla Íslands og greiðir skrásetningargjald.

Sjötta misseri

1. Doktorsnemi og leiðbeinandi ganga frá námsframvinduskýrslu og skila til skrifstofu Hugvísindasviðs. Nemandi í 180 eininga námi sem skilar ritgerð í lok sjötta misseris þarf ekki að skila námsframvinduskýrslu.

Sjöunda misseri (nemendur í 240 ein. námi)

1. Nemandi skráir sig sem nemanda við Háskóla Íslands og greiðir skrásetningargjald.

Áttunda misseri (nemendur í 240 ein. námi)

1. Doktorsnemi og leiðbeinandi ganga frá námsframvinduskýrslu og skila til skrifstofu Hugvísindasviðs. Skili nemandi ritgerð við lok áttunda misseris þarf hann ekki að skila námsframvinduskýrslu.

Doktorsvörn

1. Doktorsnefnd leggur til, með skriflegum rökstuðningi, að ritgerð verði lögð fram til varnar. Leiðbeinandi skilar skjali þess efnis til skrifstofu Hugvísindasviðs og fær doktorsnámsnefnd hana til umfjöllunar.
2. Doktorsnemi skilar þremur prentuðum eintökum ritgerðar, ásamt rafrænu eintaki, til ritara doktorsnámsnefndar. Upplýsingar um frágang doktorsritgerða eru á heimasíðu Hugvísindastofnunar: hugvis.hi.is/prentun_doktorsritgerda
3. Doktorsnámsnefnd athugar hvort ritgerð uppfylli formkröfur og gerir, í samráði við deild, tillögur til Miðstöðvar framhaldsnáms um tvo andmælendur.
4. Miðstöð framhaldsnáms staðfestir hæfi andmælenda til að meta viðkomandi ritgerð.
5. Doktorsnámsnefnd setur sig í samband við samþykka andmælendur og sendir þeim, ef þeir fallast á að taka að sér verkefnið, formlegt skipunarbréf og ritgerðina til yfirlestrar.
6. Andmælendur skila, eigi síðar en innan tveggja mánaða frá dagsetningu skipunarbréfs, rökstuddu álitni þar sem fram kemur hvort þeir telja ritgerðina tæka til varnar
7. Ef andmælendur krefjast breytinga á ritgerð sendir doktorsnemi, innan sex vikna frá því hann fær kröfu andmælenda, doktorsnámsnefnd nýja útgáfu með greinargerð. Nefndin sendir andmælendum nýja útgáfu ritgerðar sem staðfesta (eða hafna) nýrri útgáfu ritgerðar innan tveggja vikna. Uni doktorsefni ekki niðurstöðu andmælenda getur hann skotið máli sínu til deildar, sbr. nánar 50. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands .
8. Deildarforseti ákveður dagsetningu varnar í samráði við doktorsnema og andmælendur. Miðað er við að hún fari fram eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að andmælendur skila álitni sínu.
9. Doktorsnemi annast prentun ritgerðar í samráði við Hugvísindastofnun.
10. Doktorsvörn fer fram.

Forkröfur

Nemandi sem hefur lokið meistaraprófi með fyrstu einkunn (7,25) eða samsvarandi prófi getur sótt um aðgang að doktorsnámi í meistaraprófsgreininni.

Nemandi sem hefur lokið meistaraprófi eða öðru samsvarandi prófi í annarri grein en sótt er um doktorsnám í, frá annarri deild Háskóla Íslands eða öðrum háskóla, með jafngildi fyrstu einkunnar, getur einnig sótt um aðgang að doktorsnámi. Í slíkum tilvikum skal doktorsnámsnefnd, í samráði við námsbraut og væntanlegan leiðbeinanda, meta gögn um fyrra nám nemanda og rannsóknir. Heimilt er að gera kröfur um frekara nám (námskeið eða einstaklingsbundin verkefni) eftir atvikum. Slíkar viðbótar- eða forkröfur skal skrá í nemendakerfi Háskólans. Leiðbeinandi metur hvenær doktorsefni hefur uppfyllt þessar forkröfur og lætur skrá upplýsingar þar um í nemendakerfið.

Ef nemandi hyggst hefja doktorsnám strax að loknu meistaraprófi getur hann sótt um það áður en hann lýkur prófi, ef fyrir liggur yfirlýsing viðkomandi háskóladeildar um að hann muni væntanlega ljúka náminu með fullnægjandi árangri við lok yfirstandandi misseris. Sé umsókn samþykkt með þessum fyrirvara er hægt að hefja doktorsnámið en hafi fyrirvari ekki verið uppfylltur eftir eins misseris doktorsnám fellur samþykkið úr gildi. Námsferli viðkomandi í nemendakerfi Háskólans er þá lokað án skráðra eininga og nemandi þarf að sækja um að nýju, óski hann þess.

Samþykki fyrirhugaðs leiðbeinanda er forsenda fyrir staðfestingu umsóknar. Umsækjandi getur, við undirbúning umsóknar, haft beint samband við akademískan starfsmann á Hugvísindasviði og óskað þess að viðkomandi verði leiðbeinandi sinn. Nemandi getur líka snúið sér til formanns greinar eða námsbrautar óski hann aðstoðar við að finna leiðbeinanda.

Sjá nánar í 3. gr. reglna um doktorsnám við Hugvísindasvið.

Umsókn um doktorsnám

Umsóknarfrestur fyrir doktorsnám á Hugvísindasviði er til 15. apríl fyrir innritun á haustmisseri, en umsóknarfrestur erlendra umsækjenda utan Norðurlandanna er til 1. febrúar. Umsóknarfrestur fyrir innritun á vormisseri er til 15. október. Heimilt er að taka við umsóknum um doktorsnám á öðrum tímum ef sérstaklega stendur á.

Umsóknum skal skilað til nemendaskrár Háskóla Íslands á sérstöku rafrænu eyðublaði sem aðgengilegt er á vef skólans (http://www.hi.is/adalvefur/umsokn_i_framhaldsnam). Með umsókn um doktorsnám skulu eftirfarandi gögn fylgja:

- **Ferilskrá (CV).**
- Staðfest **afrit af prófskírteinum** og fyrri námsferli hafi það nám ekki verið við Háskóla Íslands. Staðfestum afritum af prófskírteinum má skila til nemendaskrár.
- **Yfirlýsing** um markmið og væntingar (hámark 1 blaðsíða).
- **Náms- og rannsóknaráætlun** í þremur hlutum á sérstöku eyðublaði: I. Almenn lýsing á rannsóknarverkefni, markmiðum þess og rannsóknarspurningum og faglegum forsendum nemandans til að vinna verkefnið (hámark 5 blaðsíður). II. Drög að áætlun um skipulag námsins, þ.e. námsáætlun (hámark 2 blaðsíður). III. Áætlun um fjármögnun verkefnisins. IV. Heimildaskrá (hámark 5 blaðsíður). Mikilvægt er að vanda sérstaklega vinnu við þennan þátt umsóknar.
- **Skrifleg staðfesting frá leiðbeinanda** um að viðkomandi 1) hafi samþykkt að vera leiðbeinandi, 2) hafi lesið og samþykkt náms- og rannsóknaráætlun og 3) sé viðurkenndur sérfræðingur á rannsóknasviði ritgerðarinnar.
- **Yfirlýsing um væntanleg námslok** (á við ef nemandi hyggst hefja doktorsnám strax að loknu MA námi).

Námsbraut er að auki heimilt að krefjast sýnishorna af ritgerðum umsækjenda telji hún þörf á.

Ef umsókn uppfyllir formkröfur fær námsbraut eða deild hana til efnislegrar umfjöllunar og því næst er hún send doktorsnámsnefnd til afgreiðslu. Afgreiðslu umsóknar skal að jafnaði vera lokið og henni svarað skriflega innan sex vikna frá lokum umsóknarfrests, eða frá móttöku ef samþykkt er að taka við umsókn á öðrum tíma. Umsækjendur fá svar sent á það netfang sem þeir gáfu upp í umsóknin

Sjá nánar í 4. og 5. gr. reglna um doktorsnám við Hugvísindasvið.

Náms- og rannsóknaráætlun með umsókn

Vönduð náms- og rannsóknaráætlun er nauðsynlegur hluti góðrar umsóknar um doktorsnám. Umsækjandi getur unnið hana ein(n) eða í samstarfi við fyrirhugaðan leiðbeinanda.

Við upphaf náms er gengið frá nákvæmari námsáætlun í samstarfi við leiðbeinanda.

Nemendur í 180 eininga doktorsnámi verja ítarlegri rannsóknaráætlun við lok fyrsta misseris en nemendur í 240 eininga námi (þ.e. í Íslensku- og menningardeild) verja ítarlegri rannsóknaráætlun við lok annars misseris (nemendur í hlutanámi verja rannsóknaráætlanir seinna).

Náms- og rannsóknaráætlunin er í þremur hlutum:

1. Í fyrsta hluta er rannsóknaráætlun upp á 5 blaðsíður að hámarki (Times New Roman eða svipað, 12 punkta letur, 1,15 línubil). Þar skal gera grein fyrir markmiðum fyrirhugaðrar doktorsrannsóknar og rannsóknaspurningum, stöðu þekkingar á sviði rannsóknarinnar og að lokum faglegum forsendum nemandans til að vinna verkefnið (heimildaskrá er ekki inni í þessum hluta).
2. Í öðrum hluta skal gera grein fyrir áætlun um skipulag náms (1-2 blaðsíður).
3. Í þriðja hluta skal gera grein fyrir fjármögnun námsins (hámark 1 blaðsíða).
4. Heimildaskrá (hámark 5 blaðsíður).

Mikilvægt er að skrifa umsókn af nákvæmni og á skýru máli. Umsóknin þarf að vera raunsæ en á sama tíma sýna mikinn metnað og áhuga umsækjenda á viðfangsefninu.

Eyðublað fyrir náms- og rannsóknaráætlun er aðgengilegt á heimasíðu Hugvísindastofnunar (http://hugvis.hi.is/nams_og_rannsoknaraetlun).

Hlé frá námi

Doktorsnemi getur sótt um að taka sér hlé frá námi í allt að eitt ár, til dæmis vegna barneigna eða annarra persónulegra ástæðna. Skal nemandi þá senda doktorsnámsnefnd beiðni þar um, ásamt samþykki leiðbeinanda.

Ef doktorsnemi tekur sér lengra en eins árs hlé frá námi þarf hann að sækja um að nýju. Hefur nemandi þá nám samkvæmt því námsskipulagi sem gildir þegar síðari umsókn er samþykkt.

Sjá nánar í 6. gr. reglna um doktorsnám við Hugvísindasvið (2. og 3. efnisgrein).

Samstarf við aðra háskóla

Hluta doktorsnáms má taka við aðrar deildir og svið Háskóla Íslands en doktorsnemi er skráður við, aðra háskóla eða viðurkenndar rannsókn- eða vísindastofnanir.

Doktorsnemar við Hugvísindasvið eiga þess líka kost að útskrifast með doktorsgráðu frá tveimur háskólum (e. *joint degree*). Samstarf milli leiðbeinenda frá báðum skólum er nauðsynlegt til að svo geti orðið. Neminn stundar þá nám við báða háskóla og uppfyllir námskröfur beggja. Neminn vinnur að doktorsrannsókn undir handleiðslu beggja sérfræðinga og byggist samstarf á samningi sem neminn og leiðbeinendur gera sín á milli.

Sjá nánar í 14. gr. reglna um doktorsnám við Hugvísindasvið.

Leiðbeinandi

Doktorsnemi skal frá upphafi náms hafa leiðbeinanda. Að öllu jöfnu er hann akademískur starfsmaður í viðkomandi deild við Háskóla Íslands og er hann jafnframt umsjónarkennari doktorsnemans.

Leiðbeinandi skal hafa lokið doktorsprófi eða jafngildi þess, vera viðurkenndur og virkur sérfræðingur á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar á því sviði á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Möguleikar nemenda til að fá styrki til doktorsnáms geta oltið á því hve virkur og viðurkenndur leiðbeinandi er á sínu sviði, en einnig því hve margir doktorsnemar eru hjá viðkomandi leiðbeinanda. Samkvæmt viðmiðunarreglum á Hugvísindasviði er ekki talið æskilegt að sami aðili sé með fleiri en fjóra doktorsnema.

Heimilt er að skipa leiðbeinanda utan deildar en þá skal nemandi frá upphafi náms hafa umsjónarkennara sem er akademískur starfsmaður deildar. Umsjónarkennarar þurfa að hafa lokið doktorsprófi eða jafngildi þess. Í slíkum tilvikum fylgist umsjónarkennari með vinnu doktorsnema og framvindu, með það fyrir augum að tryggja honum sömu stöðu og öðrum doktorsnemunum innan deildarinnar og jafnframt að nám og leiðsögn sé í samræmi við reglur deildarinnar.

Hlutverk leiðbeinanda er að sinna leiðsögn við doktorsverkefnið og fylgjast með framgangi þess, sem og að veita ráðgjöf um faglegt og fræðilegt samhengi rannsóknar og verkefnis. Doktorsnemi ráðfærir sig við leiðbeinanda (og umsjónarkennara, ef við á) um gerð rannsóknaráætlunar, skipulag námsins, val námskeiða, ef við á, og annað sem tengist náminu. Leiðbeinandi aðstoðar jafnframt doktorsnema við að sækja um rannsóknarstyrki og aðstöðu (t.d. vegna rannsóknardvalar erlendis). Sé nemandi í 240 eininga námi við Íslensku- og menningardeild er leiðbeinandi (og umsjónarkennari, ef við á) ráðgjafi doktorsnema um það nám og í vissum tilvikum leiðbeinandi einstaklingsverkefna hans.

Mikilvægt er að samstarf doktorsnema og leiðbeinanda byggist á trausti og gagnrýnum samræðum um viðfangsefni doktorsnemans. Gangi samstarf leiðbeinanda og doktorsnema ekki sem skyldi geta annar hvor eða báðir óskað eftir því við doktorsnámsnefnd að nýr leiðbeinandi verði skipaður. Umsókn um slíkt er einkum metin á grundvelli rökstuðnings sem henni fylgir og með hliðsjón af möguleikum á að finna annan hæfan leiðbeinanda. Láti aðalleiðbeinandi af leiðsögn doktorsnema af óviðráðanlegum ástæðum leitast deild eða námsbraut við að útvega nýjan leiðbeinanda.

Sjá nánar í 9. gr. reglna um doktorsnám við Hugvísindasvið.

Samstarf leiðbeinanda og doktorsnema

Ekki er mælt fyrir um hve oft leiðbeinandi hittir doktorsnema. Nemar verða þó að geta gengið að ákveðnum lágmarksfjölda funda með leiðbeinanda. Stundum eru fundir til þess að fara yfir efni eða áætlanir, en stundum til þess eins að fara yfir stöðu mála; ræða saman m.a. um gang rannsókna.

Allt efni sem leiðbeinanda er sent til yfirlestrar skal berast með góðum fyrirvara og skal leiðbeinandi bregðast við með faglegum athugasemdum innan eðlilegra tímamarka.

Í upphafi leiðsagnar er eðlilegt að ræða saman um inntak og form leiðsagnarinnar, hversu oft áætlað er að hittast, hve lengi hverju sinni og hvaða kröfur megi gera um tíma leiðbeinanda og vinnu.

Hlutverk leiðbeinanda er einkum að veita ráðgjöf um afmörkun efnissviðs og mótun rannsóknarspurninga, leiðbeina um öflun og úrvinnslu gagna, leiðbeina um hvernig nálgast á sérfræðilegar heimildir á bókasöfnum eða öðrum gagnasöfnum, ræða um framsetningu á niðurstöðum, fylgjast með framvindu verksins og meta það með hliðsjón af verkáætlun og taka þátt í umræðum um vandamál sem upp koma. Oft felst mikilvægur þáttur námsins enn fremur í samræðum leiðbeinanda og doktorsnema um verkefnið og viðkomandi fræðasvið.

Áhersla er lögð á að doktorsnemi beri ábyrgð á námi sínu. Hlutverk hans er að skipuleggja með leiðbeinendum hvers konar leiðsögn hentar best, semja um fundi og vinnu á milli funda, vinna náms-, rannsóknar- og tímaáætlun um framgang verksins, vinna að verkefni sínu eftir samþykkttri áætlun og leyfa leiðbeinendum að fylgjast með framvindu verksins.

Mikilvægt er að doktorsnemi og leiðbeinandi semji einnig sín á milli um hvernig best sé að geta og meta vinnuframlags hvors um sig þegar þeir birta opinberlega efni sem byggir á sameiginlegri vinnu þeirra sem tengist doktorsverkefni. Þetta gæti til dæmis verið hluti af námsáætluninni sem gengið er frá í upphafi náms.

Sjá nánar í 9. gr. reglna um doktorsnám við Hugvísindasvið.

Doktorsnefnd

Doktorsnámsnefnd skal skipa doktorsnefnd að tillögu leiðbeinanda og með samþykki námsbrautar eða deildar eigi síðar en við lok fyrsta misseris. Doktorsnefnd skal skipuð tveimur til þremur sérfróðum einstaklingum auk leiðbeinanda og skal að minnsta kosti einn þeirra ekki vera fastráðinn starfsmaður viðkomandi deildar. Leiðbeinandi er formaður nefndar. Sé umsjónarkennari annar en leiðbeinandi skal hann taka sæti í doktorsnefnd.

Doktorsnemi þarf að verja rannsóknaráætlun sína fyrir doktorsnefnd fyrir lok fyrsta misseris í 180 eininga námi en fyrir lok annars misseris í 240 eininga námi. Leiðbeinandi fylgist grannt með vinnu doktorsnema í aðdraganda þessa og veitir svo áfram leiðsögn þangað til hann telur að doktorsritgerð sé tilbúin til varnar. Aðrir nefndarmenn leggja mat á framvindu, gera athugasemdir við drög að doktorsritgerð og/eða einstökum köflum og taka þátt í leiðsögn þegar ástæða þykir til.

Þegar doktorsnefnd telur ritgerð tilbúna til varnar skilar hún rökstuddu álit, sem allir nefndarmenn staðfesta, til deildar um að doktorsnemi geti lagt ritgerð fram til doktorsvarnar. Sé doktorsnefnd ekki sammála skal meirihluti ráða og er atkvæði formanns odda atkvæði.

Sjá nánar í 10. gr. reglna um doktorsnám við Hugvísindasvið.

Doktorsnám í Íslensku- og menningardeild

Doktorsnám við Íslensku- og menningardeild er fjögurra ára nám, samtals 240 einingar. Skiptist það í 60 eininga almennan hluta og 180 eininga doktorsritgerð.

Almenni hlutinn er einkum ætlaður til undirbúnings áður en meginvinnan við doktorsritgerðina hefst en uppbygging hans er samkvæmt samkomulagi við leiðbeinanda.

Doktorsnemi getur til að mynda sótt formleg námskeið við Háskóla Íslands, erlendan háskóla eða alþjóðleg námskeið að hámarki 40 ECTS, tekið leslistapróf að hámarki 20 ECTS, haldið fyrirlestra á fræðilegum ráðstefnum að hámarki 16 ECTS, skrifað fræðilegar greinar í ritrýnd tímarit eða bækur að hámarki 20 ECTS, eða sinnt háskólakennslu að hámarki 20 ECTS.

Krafist er að minnsta kosti 10 eininga í formlegum námskeiðum eða leslistaprófum, 6 eininga í fyrirlestrum og fræðilegum greinum og 4 eininga í háskólakennslu. Doktorsnámsnefnd getur þó heimilað frávik frá þessum viðmiðum ef doktorsnefnd telur rök fyrir því.

Doktorsnefnd metur hvenær doktorsnemi hefur lokið hinum almenna hluta doktorsnámsins og leggur mat sitt fyrir doktorsnámsnefnd til samþykktar.

Sjá nánar í 24. gr. reglna um doktorsnám við Hugvísindasvið.

Vinnuaðstaða

Doktorsnemum á Hugvísindasviði stendur til boða að sækja um vinnuaðstöðu í opnu rými í Gimli á þriðju hæð. Sólarhringsaðgangur er að húsinu allt árið um kring. Hverju borði fylgir bókaskápur og aðgangur að prentara, ljósritunarvél og skanna.

Aðstaðan er án endurgjalds en stundum er nokkur biðlisti. Skilyrði er að doktorsnemar séu ávallt skráðir í nám og nýti aðstöðuna vel. Reiknað er með að þeir nemendur sem hafa vinnuaðstöðu í Gimli hafi þar viðvist í að minnsta kosti 20 tíma á viku.

Ef biðlisti er eftir borðum áskilur Hugvísindastofnun sér rétt til að segja þeim upp aðstöðunni sem hafa lítið nýtt hana með eins mánaðar fyrirvara og ber þeim þá að rýma borð og skila lyklum.

Við úthlutun er tekið tillit til þess hve lengi fólk hefur beðið eftir aðstöðu en einnig er reynt að meta hverjir hafi mesta þörf fyrir aðstöðuna. Þeir ganga þá að öðru jöfnu fyrir sem eru lengra komnir í námi, hafa enga vinnuaðstöðu á öðrum vettvangi og ætla að nýta aðstöðuna hjá stofnuninni mikið.

Doktorsnemar skulu rýma borðið eigi síðar en 1. október hafi þeir ekki greitt skráningargjald fyrir námsárið. Nemendum ber að tæma borð sín og hillur þegar doktorsritgerð hefur verið skilað inn á skrifstofu Hugvísindastofnunar.

Doktorsnemum býðst einnig að ljósrita endurgjaldslaust á fjórðu hæð í Árnagarði. Þeim doktorsnemum sem sérstaklega leggja stund á handritarannsóknir býðst einnig að sækja um borð í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, en þar getur biðlistinn orðið ærið langur.

Upplýsingar um aðstöðuna, umsóknareyðublöð og nánari leiðbeiningar er að finna á heimasíðu Hugvísindastofnunar, hugvis.hi.is.

Vefsíður:

- Umsóknareyðublað á vefnum:
http://hugvis.hi.is/sites/hugvis.hi.is/files/doktorsnemaadstada_i_gimli_umsoknareydublad_0.doc
- Upplýsingar um námsaðstöðu á vefsíðu Hugvísindastofnunar:
<http://hugvis.hi.is/vinnuadstada>

Námsáætlun

Við upphaf náms skulu doktorsnemi og leiðbeinandi ganga frá skriflegri námsáætlun (að hámarki 1500 orð) þar sem fram kemur með hvaða hætti nemandi hyggst skipuleggja doktorsnámið frá einu misseri til annars. Ef nemandi er í 240 eininga námi þarf að koma fram í þessari áætlun með hvaða hætti nemandi hyggst ljúka almennum hluta náms síns (60 einingum). Doktorsnámsnefnd og Miðstöð framhaldsnáms skal send námsáætlun til samþykktar. Umtalsverðar breytingar á námsáætlun síðar í doktorsnáminu eru háðar samþykki framangreindra aðila. Umtalsverð breyting er til dæmis þegar algerlega er skipt um rannsóknarefni eða leiðbeinenda, breytingar eru gerðar á doktorsnefnd, breyting verður á samstarfsaðilum eða annað sem getur haft veruleg áhrif á rannsóknina eða hæfi leiðbeinanda til að leiðbeina doktorsnema.

Sjá nánar í 7. gr. reglna um doktorsnám við Hugvísindasvið.

Dæmi um námsáætlanir eru á heimasíðu: hugvis.hi.is/namsaaetlun

Sjá nánar um námsáætlun á heimasíðu Miðstöðvar framhaldsnáms (midstodframhaldsnams.hi.is/namsaaetlun).

Rannsóknaráætlun

Doktorsnemi skilar einnig rannsóknaráætlun snemma á námsferlinum. Nemandi í 180 eininga doktorsnámi skilar henni fyrir lok fyrsta misseris en nemandi í 240 eininga doktorsnámi eigi síðar en við lok annars misseris. Áætlunin skal vera 4.000–6.000 orða lýsing á væntanlegri doktorsritgerð. Í rannsóknaráætluninni skal gera grein fyrir:

- a) viðfangsefni ritgerðarinnar,
- b) þeim spurningum sem bornar verða upp,
- c) rannsóknaraðferð,
- d) uppbyggingu ritgerðarinnar,
- e) lýsingu fylgi einnig drög að heimildaskrá.

Doktorsnemi skal verja rannsóknaráætlunina munnlega fyrir doktorsnefnd að jafnaði innan tveggja vikna frá skilum. Doktorsnefnd getur óskað eftir endurskoðaðri rannsóknaráætlun ef hún telur að nemandi hafi ekki staðist þessa vörn. Að lokinni vörn skal rannsóknaráætlun send til doktorsnámsnefndar til endanlegrar samþykktar. Umtalsverðar breytingar á rannsóknaráætlun síðar í doktorsnáminu eru háðar samþykki doktorsnámsnefndar og byggjast á skýringum og rökstuðningi sem doktorsnefnd hefur fallist á.

Sjá nánar í 7. gr. reglna um doktorsnám við Hugvísindasvið.

Árleg námsframvinduskýrsla

Fyrir lok máí ár hvert skal doktorsnemi skila leiðbeinanda skýrslu um stöðu doktorsverkefnis, ásamt beiðni um áfangamat.

Leiðbeinandi skal fara yfir þessi gögn og skila skrifstofu Hugvísindasviðs með beiðni um skráningu eininga fyrir árið. Miðstöð framhaldsnáms fær afrit (stefnt er að því að skýrslunni verði í framtíðinni skilað á heimasíðu miðstöðvarinnar).

Sjá nánar í 7. gr. reglna um doktorsnám við Hugvísindasvið.

Efnisyfirlit námsframvinduskýrslu:

1. Nafn og fæðingardagur doktorsnema.
2. Upphaf doktorsnáms samkvæmt námsáætlun.
3. Nafn leiðbeinanda.
4. Heiti og stutt lýsing doktorsverkefnis.
5. Fjöldi eininga (ECTS) sem lokið var á undangengnu ári og heildarfjöldi lokinna eininga frá upphafi náms.
6. Stutt greinargerð um fundi með leiðbeinanda á undangengnu ári, svo sem um fjölda funda, gögn sem lágu fyrir fundi, teknar ákvarðanir og svo framvegis.
7. Stutt greinargerð um framvindu doktorsverkefnisins á undangengnu ári.
8. Birt rit- og/eða hugverk undangengins árs.
9. Þátttaka í málstofu doktorsnema á undangengnu ári.
10. Þátttaka í innlendum og/eða erlendum ráðstefnum á undangengnu ári.
11. Kennslustörf á undangengnu ári.
12. Staða og horf varðandi fjármögnun námsins.
13. Námsaðstaða.
14. Áætluð námslok.
15. Annað sem doktorsnemi vill koma á framfæri.

Sjá nánar á heimasíðu Miðstöðvar framhaldsnáms

(midstodframhaldsnams.hi.is/arleg-namsframvinduskysrsla).

Nemendafélög

Félög nemenda í doktorsnámi á Hugvísindasviði eru tvö: FeDoN, sem er Félag doktorsnema og nýdoktora við Háskóla Íslands, og Félag doktorsnema á Hugvísindasviði sem er aðili að Veritas, fulltrúaráði nemenda á Hugvísindasviði sem eru regnhlífasamtök allra nemendafélaga innan sviðsins. Unnið er að því að nýdoktorar verði einnig gjaldgengir í Félag doktorsnema á Hugvísindasviði.

Allir doktorsnemar á Hugvísindasviði eru sjálfkrafa skráðir í félagið. Tilgangur Félags doktorsnema á Hugvísindasviði er að vinna að hagsmunamálum doktorsnema á Hugvísindasviði, miðla upplýsingum til þeirra, tilnefna fulltrúa doktorsnema í ráð og nefndir sviðsins og að standa fyrir félagsstarfi meðal doktorsnema á Hugvísindasviði.

Stjórn er kjörin árlega á aðalfundi í desember og fundir eru haldnir tvisvar þess utan, einu sinni að vori og einu sinni að hausti, bæði til að kynna störf sín félagsmönnum og til þess að hlusta eftir hvers kyns ábendingum eða umkvörtunum um það sem betur mætti fara í mál-efnum doktorsnema.

Fundir eru að jafnaði haldnir í fundarherberginu í Gimli og er boðað til þeirra með rúmum fyrirvara í gegnum póstlista doktorsnema.

Vefsíður:

- FeDoN: <https://nemendafelog.hi.is/fedon/>
- Félag doktorsnema á Hugvísindasviði:
<http://nemendafelog.hi.is/fdh/>

Styrkir

Doktorsnámsstyrkir:

Hægt er að sækja um styrk til doktorsnáms með tvennu móti. Annars vegar er hægt að sækja um í Rannsóknasjóð eða Eimskipafélagssjóð Háskóla Íslands. Sótt er um í báða sjóði samtímis með sameiginlegri umsókn.

Hins vegar er hægt að sækja um doktorsnámsstyrk hjá Rannís. Einnig getur leiðbeinandi sótt um styrk fyrir stærra rannsóknarverkefni hjá Rannís, eða hjá öðrum innlendum og erlendum rannsóknasjóðum, og ráðið doktorsnema á styrk til að sinna rannsóknarvinnu, enda falli hún undir markmið doktorsverkefnisins.

Doktorsnemi sækir ætíð um styrki undir leiðsögn og í samráði við leiðbeinanda.

Eiríkur Smári Sigurðarson, rannsóknastjóri á Hugvísindasviði Háskóla Íslands, og Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri á Hugvísindastofnun, lesa yfir umsóknir nemenda um styrki til doktorsnáms eftir föngum og veita faglegar ráðleggingar. Netföng þeirra eru esmari@hi.is og mgu@hi.is.

Ferðastyrkir:

Doktorsnemum á Hugvísindasviði bjóðast tvenns konar ferðastyrkir. Annars vegar eru það styrkir Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands og hins vegar styrkir Hugvísindastofnunar.

Hverjum doktorsnema við sviðið bjóðast þrír ferðastyrkir frá Hugvísindastofnun meðan á námi stendur. Þá styrki má nýta til ráðstefnuferða hvort sem doktorsnemi heldur erindi eður ei og að hluta til til ferða vegna heimildaöflunar, námstengdra heimsókna til erlendra háskóla, eða til annarra ferða er varða beint doktorsnám nemans.

Ferðastyrki Rannsóknasjóðs skal sækja um fyrir 1. maí og gildir sá umsóknarfrestur óháð því hvenær árs ráðstefnan er.

Einnig má benda á ferðastyrki Hagþenkis, fyrir meðlimi félagsins.

Vefsíður:

- Doktorsnámsstyrkir Háskóla Íslands:
sjodir.hi.is/doktorsstyrkir_haskola_islands
- Rannsóknasjóður Rannís:
www.rannis.is/sjodir/rannsoknasjodur
- Ferðastyrkur Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands:
sjodir.hi.is/ferdastyrkir_doktorsnema
- Hugvísindastofnun: hugvis.hi.is/ferdastyrkir
- Hagþenkir: hagthenkir.is/ferda-og-menntunarstyrkir

Doktorsritgerðin

Doktorsnemi á Hugvísindasviði gerir grein fyrir rannsóknum sínum og niðurstöðum í ritgerð sem skal alla jafna vera 75.000-100.000 orð. Doktorsnámsnefnd má þó veita undanþágu frá þessum lengdarmörkum í sérstökum tilvikum. Til doktorsritgerða eru gerðar kröfur um vísindaleg vinnubrögð og sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á fræðasviðinu.

Doktorsritgerð á Hugvísindasviði er eitt heildstætt og samfellt verk eða safn ritgerða. Við frágang og meðferð heimilda skal doktorsefni fylgja viðurkenndum reglum um vísindalegar ritsmíðar.

Ef um safn ritgerða er að ræða skulu þær hafa birst eða staðfest skal að þær hafi verið samþykktar til birtingar á viðurkenndum ritrýndum vettvangi. Þær skulu varða sama rannsóknarsvið og mynda heild. Semja skal sérstaka yfirlitsgrein eða inngangskafla þar sem farið er yfir aðferðafræði og kenningagrunn heildarverksins, dregið saman efni hinna einstöku ritgerða, settar fram heildarályktanir eða efni þeirra tengt með öðrum fræðilegum hætti. Hinar birtu ritgerðir, jafnan 3–5, skulu lagðar fram efnislega óbreyttar frá birtri/samþykktri útgáfu.

Sjá nánar í 11. gr. reglna um doktorsnám við Hugvísindasvið.

Frágangur ritgerðar

Þegar doktorsnefnd telur ritgerð tilbúna til varnar gengur doktorsnemi frá prófarkalesnu handriti, sem er fullbúið að efni og innihaldi, og skilar þremur útprentuðum eintökum, ásamt rafrænu eintaki, til deildar. Forsíða ritgerðar skal bera auðkenni (e. *logo*) Háskóla Íslands. Ef um sameiginlega doktorsgráðu er að ræða með öðrum háskóla eða háskólum samkvæmt samningi þar um, ber forsíða ritgerðar auðkenni beggja eða allra háskóla sem hlut eiga að máli. Hugvísindastofnun getur sett frekari ákvæði um útlit ritgerða í verklagsreglum.

Skýrt skal koma fram að verkefnið sé unnið við Háskóla Íslands, tilgreina skal leiðbeinanda og aðra í doktorsnefnd, fræðasvið og deild, og geta skal sjóða og annarra sem styrkt hafa verkefnið og þeirra stofnana eða fyrirtækja sem doktorsefni hefur tengst við vinnslu þess. Ritgerð skal að jafnaði vera á íslensku eða ensku með stuttu ágrip á báðum tungumálunum. Einnig skal taka saman ítarlegri útdrátt á íslensku, sé ritgerðin skrifuð á öðru máli, en á ensku sé ritgerðin skrifuð á íslensku. Ef heimilað er að ritgerð sé skrifuð á öðru tungumáli en íslensku eða ensku (sjá sérreglur deilda) bætist við ágrip á viðkomandi máli. Vörn fer að jafnaði fram á sama tungumáli og ritgerð er skrifuð á.

Þegar andmælendur hafa fallist á að ritgerð sé tæk til varnar og viðkomandi deild í kjölfarið ákveðið að doktorsvörn skuli fara fram skal doktorsefni láta prenta endanlega gerð hennar og afhenda Háskóla Íslands að lágmarki 20 eintök. Um frágang vísast til leiðbeininga Hugvísindasviðs. Hugvísindastofnun ber hluta kostnað vegna prentunar ritgerðar í endanlegri gerð í samræmi við verklagsreglur. Sjá heimasíðu Hugvísindastofnunar: hugvis.hi.is/prentun_doktorsritgerda.

Sjá nánar í 11. gr. reglna um doktorsnám við Hugvísindasvið.

Undirbúningur fyrir doktorsvörn

Þegar doktorsnefnd telur að ritgerð sé tilbúin skilar hún til deildar rökstuddu álit, sem allir nefndarmenn staðfesta, um að doktorsneminn geti lagt ritgerð fram til doktorsvarnar. Sé doktorsnefnd ekki sammála skal meirihluti ráða og er atkvæði formanns oddaatkvæði.

Verkefnastjóri/ritari kannar námsferil nemandans og hvort ritgerðin uppfylli skilyrði um uppsetningu og frágang. Í reglum er kveðið á um ýmislegt sem koma þarf fram í ritgerð (varðandi inngang, merki Háskóla Íslands, útdrætti o.fl.).

Telji doktorsnámsnefnd ritgerðina tæka til varnar tilnefnir hún, að fenginni umsögn deildar, tvo andmælendur við munnlega vörn ritgerðarinnar. Miðstöð framhaldsnáms staðfestir andmælendurna.

Verkefnastjóri/ritari sendir andmælendum eintak af ritgerðinni ásamt formlegu skipunarbréfi.

Eigi síðar en innan tveggja mánaða frá dagsetningu skipunarbréfs skila andmælendur rökstuddu álit sínu sameiginlega, þar sem fram kemur að ritgerðin sé:

- 1) tæk til varnar.
- 2) tæk til varnar með nauðsynlegum breytingum.
- 3) ekki tæk til varnar.

Ef andmælendur krefjast breytinga á ritgerðinni sendir doktorsnemi doktorsnámsnefnd nýja útgáfu ritgerðarinnar ásamt greinargerð um breytingar að jafnaði innan sex vikna frá svári andmælenda. Gert er ráð fyrir að andmælendur staðfesti innan tveggja vikna hvort viðbrögð við aðfinnslum þeirra séu fullnægjandi.

Þegar andmælendur hafa staðfest að ritgerð sé tæk til varnar og viðkomandi deild hefur ákveðið að doktorsvörn skuli fara fram prentar doktorsefni endanlega gerð ritgerðarinnar í samráði við Hugvísindastofnun og vistar rafrænt eintak hennar í Skemmu, rafrænu gagnasafni Háskóla Íslands.

Deild ákveður dagsetningu doktorsvarnar í samráði við doktorsefni, leiðbeinanda og andmælendur. Miðað er við að vörn fari fram eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að andmælendur staðfesta að ritgerð sé tæk til varnar. Ritgerðin liggur frammi á skrifstofu Hugvísindasviðs í tvær vikur fyrir vörn.

Sjá nánar í 13. gr. reglna um doktorsnám við Hugvísindasvið.

Andmælendur

Andmælendur skulu vera alþjóðlega viðurkenndir sérfræðingar á fræðasviði doktorsritgerðarinnar. Einungis þeir sem hafa lokið doktorsprófi eða áunnið sér jafngildi þess geta verið andmælendur við doktorsvarnir hjá deildum Hugvísindasviðs. Þegar þess er kostur skal að minnsta kosti annar andmælenda vera kennari eða sérfræðingur við annan háskóla eða rannsóknastofnun. Ekki er heimilt að andmælendur við doktorsvörn hafi átt sæti í doktorsnefnd.

Andmælendur fá skipunarbréf með upplýsingum um doktorsnám við Háskóla Íslands og leiðbeiningum um mat ritgerðar og vörn frá formanni doktorsnámsnefndar eigi síðar en með eintaki af ritgerð sem þeir fá til mats. Þeir eru beðnir um að leggja alhliða mat á ritgerðina þar sem þeir segja skoðun sína á því hvort í ritgerðinni felist nýsköpun þekkingar, hvort efni ritgerðarinnar sé birtingarhæft á viðurkenndum ritrýndum vettvangi og hvort framsetning og frágangur ritgerðarinnar, þar með talið meðferð heimilda og framsetning heimildaskrár, séu með viðunandi hætti.

Ritgerðin er send andmælendum í trúnaði. Andmælandi skal ekki undir neinum kringumstæðum ræða ritgerðina eða aðra þætti matsferilsins við þriðja aðila nema að fengnu samþykki doktorsnámsnefndar. Doktorsnemi og doktorsnefndarmenn skulu ekki vera í beinum samskiptum við andmælendur um doktorsritgerðina.

Komist andmælendur ekki að samkomulagi um hvort ritgerð sé tæk til varnar er doktorsnámsnefnd heimilt, í samráði við námsbraut og Miðstöð framhaldsnáms, að skipa nýja andmælendur.

Endanleg gerð ritgerðar skal send andmælendum eigi síðar en tveimur vikum áður en vörn fer fram og skal hún jafnframt liggja frammi á skrifstofu Hugvísindasviðs fram að vörn. Ekki er heimilt að gera efnislegar breytingar á ritgerðinni eftir að hún hefur verið metin tæk til varnar.

Sjá nánar í 12. gr. reglna um doktorsnám við Hugvísindasvið.

Athugasemdir andmælenda

Telji andmælendur að gera þurfi breytingar á ritgerðinni til að hún teljist tæk til varnar fær doktorsefni tækifæri til að bregðast við gagnrýni, laga ritgerðina og senda doktorsnámsnefnd nýja gerð, sem kemur henni í hendur andmælenda. Með nýrri gerð skal fylgja greinargerð um hverju hafi verið breytt til að mæta athugasemdum andmælenda. Skal það að jafnaði gert innan sex vikna frá svari andmælenda. Það er forsenda þess að doktorsvörn sé haldin að andmælendur hafi staðfest við doktorsnámsnefnd að viðbrögð við aðfinnslum séu fullnægjandi að þeirra mati. Gert er ráð fyrir að andmælendur staðfesti þetta innan tveggja vikna frá því þeir fá endurskoðaða ritgerð í hendur.

Uni doktorsefni ekki niðurstöðu andmælenda getur hann skotið máli sínu til deildar, sbr. nánar 50. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

Sjá nánar í 12. gr. reglna um doktorsnám við Hugvísindasvið.

Doktorsvörn

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands er varin og metin í samræmi við reglur háskólans um doktorsgráður. Ritgerðin er varin við athöfn sem er opin almenningi og hefur verið auglýst með að minnsta kosti viku fyrirvara. Einkunn er ekki gefin fyrir doktorsvörn eða doktorsritgerð.

Deildarforseti eða fulltrúi hans stýrir athöfninni. Þeir sem taka virkan þátt í athöfninni skulu ganga til varnar í þeirri röð að forseti viðkomandi deildar gengur fremstur með doktorsefni sér við hlið, síðan koma andmælendur, þá forseti fræðasviðs og doktorsnefnd fylgir þar á eftir.

Deildarforseti setur jafnan athöfnina og stjórnar henni. Deildarforseti kynnir sjálfan sig, doktorsefni og andmælendur stuttlega og skýrir frá heiti ritgerðarinnar. Síðan greinir hann frá því hvernig doktorsvörnin fer fram.

Vörnin hefst á fyrirlestri doktorsefnis sem kynnir rannsóknarverkefni sitt og hefur til þess að hámarki 30 mínútur.

Andmælendur taka til máls hvor á eftir öðrum og geta hagað yfirferð yfir rannsóknarefni og ritgerð doktorsefnis að vild. Þeir gera grein fyrir styrkleikum og veikleikum ritgerðarinnar og leggja fram afmarkaðar spurningar sem doktorsefni bregst jafnharðan við þannig að eðlileg rök-ræða og skoðanaskipti skapist milli andmælenda og doktorsefnis. Gert er ráð fyrir því að hvor andmælendi hafi um 45 til 60 mínútur til að fjalla um ritgerðina og ræða við doktorsefni.

Deildarforseti tilkynnir síðan að hann muni ásamt andmælendum yfirgefa salinn til að ákveða hvort ritgerðin og vörnin skuli dæmd gild. Doktorsefni bíður í sæti sínu á meðan.

Deildarforseti og andmælendur koma aftur í salinn og deildarforseti tilkynnir hvort ritgerð og vörn hafi verið dæmd gild. Ef svo er les hann upp prófabók sviðsins, afhendir hinum nýja doktor doktorsskjal og færir fram heillaóskir sínar áður en hann slítur vörninni. Nýdoktorinn og föruneysi hans ganga því næst út og ganga áheyrendur úr sal í kjölfar þeirra.

Að loknu doktorsprófi býður sviðsforseti nýdoktorum og nánustu fjölskyldu hans (maka, foreldrum, börnum), andmælendum, deildarforseta og doktorsnefnd til stutts samsætis í doktorsherbergi.

Sjá nánar í 12. gr. reglna um doktorsnám við Hugvísindasvið.

Hagnýtar upplýsingar

Nöfn og netföng

Sviðsforseti og formaður doktorsnámsnefndar:

Guðmundur Hálfðanarson, ghalfd@hi.is.

Einnig sitja í doktorsnámsnefnd formenn framhaldsnámsnefnda sviðsins og fulltrúi nemenda:

Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, gsteins@hi.is, Mála- og menningardeild.

Gunnlaugur A. Jónsson, gaj@hi.is, Guðfræði- og trúarbragðafræðideild.

Benedikt Hjartarson, benedihj@hi.is, Íslensku- og menningardeild.

Orri Vésteinsson, orri@hi.is, Sagnfræði- og heimspekideild.

Védís Ragnheiðardóttir, ver2@hi.is, fulltrúi nemenda.

Ritari doktorsnámsnefndar:

Eiríkur Smári Sigurðsson, esmari@hi.is, forstöðumaður

Hugvísindastofnunar og rannsóknastjóri.

Starfsfólk skrifstofu:

Ásdís Guðmundsdóttir, asdisg@hi.is, kennslustjóri og verkefnisstjóri

Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar.

Bernharð Antoniussen, bernhard@hi.is, verkefnisstjóri Mála- og menningardeildar.

Guðmundur Hörður Guðmundsson, ghg@hi.is, kynningar- og vefstjóri.

Guðrún Birgisdóttir, gb@hi.is, verkefnisstjóri alþjóðamála.

Hlíf Thors Arnlaugsdóttir, hlifarn@hi.is, verkefnisstjóri.

Margrét Guðmundsdóttir, mgu@hi.is, verkefnisstjóri

Hugvísindastofnunar.

María Gestsdóttir, mariage@hi.is, verkefnisstjóri Sagnfræði- og heimspekideildar.

Óskar Einarsson, oe@hi.is, rekstrarstjóri.

Sigrún Sigríðardóttir, sigru@hi.is, verkefnisstjóri.

Katrín María Víðisdóttir, kmv@hi.is, verkefnisstjóri Íslensku- og menningardeildar.

Þróun doktorsnámsins

Allt frá stofnun Háskóla Íslands árið 1911 hefur einstökum háskóladeildum verið heimilt að veita doktorsnafnbót fyrir fræðilegar ritsmíðar að lokinni doktorsvörn. Fyrsta doktorsritgerðin sem varin var við heimspekideild, og enn fremur við Háskóla Íslands, var bók Páls Eggerts Ólasonar *Jón Arason* árið 1919. Fyrsta doktorsritgerðin sem var varin við guðfræðideild var rit Eiríks Albertssonar, *Magnús Eiríksson: Guðfræði hans og trúarlíf* árið 1938.

Fram til 1989 luku 66 einstaklingar doktorsprófi við Háskólann. Þar af hlutu þrír fræðimenn doktorsnafnbót frá guðfræðideild og 27 fræðimenn frá heimspekideild, þar með talið eina konan í hópnum öllum, en það var Selma Jónsdóttir listfræðingur fyrir ritgerð sína *Byzönsk dómsdagsmynd í Flatatungu* árið 1960. Skipulagt doktorsnám við heimspekideild og guðfræðideild Háskóla Íslands var heimilað með breytingum á reglugerð árið 1990. Fyrsti nemandinn til að ljúka slíku doktorsnámi við skólann var Hafrún Friðriksdóttir en hún varði ritgerð sína *Polymer Enhancement of Cyclodextrin Complexation* við lyfjafræðideild árið 1997. Fyrsti nemandinn til að ljúka skipulögðu doktorsnámi við heimspekideild var Ólína Þorvarðardóttir en hún varði ritgerðina *Brennuöldin. Galdur og galdratrú í málskjöllum* árið 2000.

Á fyrstu árum nýrrar aldar fjölgaði skráðum doktorsnemunum við Háskólann ört, þar á meðal í heimspekideild (síðar hugvísindadeild) og guðfræðideild. Við sameiningu þeirra á Hugvísindasviði árið 2008 var doktorsnám á ábyrgð hvernar deildar sviðsins en þær eru Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Íslensku- og menningardeild og loks Sagnfræði- og heimspekideild. Framhaldsnámsnefndir deilda höfðu umsjón með doktorsnáminu og doktorsvörnum í samstarfi við deildarforseta en frá og með árinu 2009 hefur Miðstöð framhaldsnáms einnig komið að þessu starfi.

Með nýjum sviðsreglum um doktorsnám sem samþykktar voru í árslok 2015 var umsjón með doktorsnámi færð til sameiginlegrar doktorsnámsnefndar Hugvísindasviðs. Eftir sem áður ber doktorsnefnd hvers nemanda mesta ábyrgð á þróun einstakra doktorsverkefna, í samráði við viðkomandi námsgrein og deild.

Reglur og viðurlög

Reglur um doktorsnám og doktorspróf við Hugvísindasvið Háskóla Íslands, nr. 1160/2015

I. KAFLI Almenn ákvæði.

1. gr. Doktorsnám á Hugvísindasviði.

Á Hugvísindasviði er unnt að leggja stund á doktorsnám í þeim námsgreinum þar sem viðkomandi deild og Hugvísindasvið meta að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi, enda hafi sviðsstjórn og háskólaráð samþykkt námið, sbr. XII. kafla reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Markmið doktorsnáms er að veita doktorsnemunum víðtæka og trausta rannsóknarþjálfun, gera þá færa um að stunda sjálfstæð vísindastörf, afla nýrrar þekkingar og miðla henni. Með samningu doktorsritgerðar sýni nemandinn fram á hæfni sína og þekkingu eins og nánar er kveðið á um í 11. gr.

Reglur um doktorsnám og doktorspróf við Hugvísindasvið eru settar í samræmi við 47., 68., 69. og 70. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands og *Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands*, samþykkt af háskólaráði 3. maí 2012.

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands, sbr. 66. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Doktorsnemunum og leiðbeinendum þeirra ber að kynna sér reglur um doktorsnám við Háskóla Íslands og Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands og bera ábyrgð á að fylgja þeim.

2. gr. Doktorsnámsnefnd.

Í doktorsnámsnefnd Hugvísindasviðs sitja formenn framhaldsnámsnefnda deilda, fulltrúi doktorsnema, auk forseta fræðasviðs, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Rannsóknastjóri Hugvísindasviðs er ritari nefndarinnar og verkefnastjórar deilda og Hugvísindastofnunar liðsinna nefndinni eftir þörfum. Fulltrúa Miðstöðvar framhaldsnáms er boðið á

fundu nefndarinnar ef ástæða þykir til. Nefndin hefur í öllum faglegum málum samráð við viðkomandi námsbraut eða deild, eftir því sem við á og getur nefndin boðað fulltrúa námsbrautar/deildar á fundi til að ræða mál sem tengjast einstökum doktorsverkefnum. Fulltrúi hvernar deildar í nefndinni er tengiliður nefndarinnar við doktorsnema, doktorsnefndir og aðra aðila innan deildar sem að doktorsnámi koma.

Rannsóknastjóri Hugvísindasviðs er tengiliður fræðasviðsins við Miðstöð framhaldsnáms í málefnum doktorsnema í umboði formanns.

Doktorsnámsnefnd Hugvísindasviðs hefur umsjón með doktorsnámi innan sviðsins og fylgist með því að samræmis sé gætt í verklagi og viðmiðum, kröfum og skyldum sem móta námið og umgjörð þess. Eftir faglega umfjöllun í námsbraut/deild fjallar hún um og afgreiðir umsóknir í samræmi við 5. gr. þessara reglna. Hún samþykkir náms- og rannsóknaráætlanir og breytingar á þeim, staðfestir val á leiðbeinanda og öðrum í doktorsnefnd, og einnig val á sérstökum umsjónarkennara þar sem við á. Nefndin tekur við og fjallar um ritgerð þegar doktorsnefnd hefur metið hana tilbúna til varnar og gengur úr skugga um að námsferill sé fullnægjandi samkvæmt skráningu í nemendakerfi háskólans. Að tilnefningu viðeigandi deildar skipar doktorsnámsnefnd andmælendur, tekur við álitum þeirra og fylgir eftir kröfum um lagfæringar, komi til þess. Einnig sinnir nefndin öðrum málum varðandi doktorsnám sem forseti fræðasviðs eða sviðsstjórn kann að fela henni.

Sé ekki samkomulag í nefndinni um afgreiðslu mála sem snúa að einstökum doktorsverkefnum getur fulltrúi þeirrar deildar sem verkefnið er unnið við krafist þess að málinu verði vísað til deildar til frekari umfjöllunar. Doktorsnámsnefnd fær málið aftur til afgreiðslu að lokinni umfjöllun innan deildar og tekur endanlega ákvörðun.

3. gr. Almenn inntökuskilyrði.

Stúdent sem hefur lokið meistaraþrófi með fyrstu einkunn eða samsvarandi prófi getur sótt um aðgang að doktorsnámi í meistaraþrófsgreininni. Stúdent sem hefur lokið meistaraþrófi eða öðru samsvarandi prófi í annarri grein en þeirri sem fyrirhuguð er í doktorsnámi, frá annarri deild Háskóla Íslands eða öðrum háskóla, með jafngildi fyrstu einkunnar, getur sótt um aðgang að doktorsnámi. Í slíkum tilvikum skal doktorsnámsnefnd, í samráði við námsbraut/deild og væntanlegan leiðbeinanda, meta gögn um fyrra nám nemanda og rannsóknir.

Samþykki fyrirhugaðs leiðbeinanda er forsenda fyrir endanlegri afgreiðslu umsóknar. Stúdent getur snúið sér beint til formanns greinar eða

námsbrautar (deildarforseta í tilviki Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar) óski hann aðstoðar við að finna leiðbeinanda.

Ef undirbúningur doktorsnemans er ekki jafngildur þeim undirbúningi sem meistaraþróf á sérsviðinu á að tryggja, skal doktorsnámsnefnd, samþykki hún umsóknina að öðru leyti, gera kröfur um frekara nám eftir því sem ástæða þykir til í samráði við námsbraut/deild og væntanlegan leiðbeinanda. Þeim kröfum skal doktorsnemi að jafnaði fullnægja með því að ljúka námskeiðum og/eða einstaklingsbundnum verkefnum á viðkomandi sérsviði. Slíkar viðbótar- eða forkröfur skal skrá í nemendakerfi háskólans. Leiðbeinandi metur hvenær doktorsefni hefur uppfyllt þessar forkröfur og lætur skrá upplýsingar þar um í nemendakerfið.

Ef stúdent hyggst hefja doktorsnám strax að loknu meistaraþrófi getur hann sótt um það áður en hann lýkur prófi, ef fyrir liggur yfirlýsing viðkomandi háskóladeildar um að hann muni væntanlega ljúka náminu með fullnægjandi árangri við lok yfirstandandi misseris. Sé umsókn samþykkt með þessum fyrirvara er hægt að hefja doktorsnámið en hafi fyrirvari ekki verið uppfyllt eftir eins misseris doktorsnám fellur samþykkið úr gildi. Námsferli doktorsnáms í nemendakerfi háskólans er þá lokað án skráðra eininga og nemandi þarf að sækja um að nýju, óski hann þess.

Óheimilt er að samþykkja akademískan starfsmann deildar í doktorsnám við viðkomandi deild.

4. gr. Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur fyrir doktorsnám á Hugvísindasviði er til 15. apríl fyrir innritun á haustmisseri, en umsóknarfrestur erlendra umsækjenda utan EES-svæðisins er til 1. febrúar. Umsóknarfrestur fyrir innritun á vormisseri er til 15. október. Heimilt er að taka við umsóknum um doktorsnám á öðrum tímum ef sérstaklega stendur á.

5. gr. Meðferð umsókna.

Umsóknum skal skilað til nemendaskrár Háskóla Íslands á sérstöku rafrænu eyðublaði sem aðgengilegt er á vef skólans. Með umsókn um doktorsnám skal fylgja staðfest afrit af prófskírteinum og fyrri námsferli, hafi það nám ekki verið við Háskóla Íslands. Einnig skal fylgja almenn lýsing á rannsóknarverkefni, markmiðum þess og rannsóknarspurningum, faglegum forsendum nemandans til að vinna verkefnið, sem og drög að áætlun um skipulag námsins, þ.e. námsáætlun.

Skrifstofa Hugvísindasviðs fer yfir umsóknir og athugar hvort tilskilin gögn fylgi. Umsóknir skulu þá sendar til viðeigandi námsbrautar/deildar sem fjallar efnislega um þær og gerir tillögu til

doktorsnámsnefndar um afgreiðslu þeirra. Heimilt er að krefjast sýnishorna af ritgerðum umsækjanda telji námsbraut/deild þörf á því. Í álitamálum hefur doktorsnámsnefnd samráð við deildarforseta um afgreiðslu umsókna. Miðstöð framhaldsnáms skal staðfesta inntöku sbr. 66 gr. reglna Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Afgreiðslu umsóknar skal að jafnaði vera lokið og henni svarað skriflega innan sex vikna frá lokum umsóknarfrests, eða frá móttöku ef samþykkt er að taka við umsókn á öðrum tíma. Umsókn er samþykkt eða henni synjað á grundvelli undirstöðu umsækjanda og faglegs mats á rannsóknarverkefninu sem og á aðstöðu og sérþekkingu innan deildarinnar, ásamt öðrum þáttum, s.s. fjármögnun, er deild telur máli skipta svo væntanlegt doktorsverkefni geti uppfyllt kröfur sem til þess eru gerðar, sbr. 3. gr. Einungis er hægt að samþykkja nemendur í doktorsnám í námsleiðum sem deildir sviðsins bjóða upp á, sbr. sérreglur deilda hér á eftir.

Árleg skráning og greiðsla skrásetningargjalds er forsenda þess að nám geti hafist eða því sé haldið áfram.

6. gr. Einingafjöldi og tímalengd náms.

Doktorsnám á Hugvísindasviði er að lágmarki 180 einingar en heimilt er að skipuleggja doktorsnám til allt að 240 eininga að loknu meistaraþrófi, sbr. nánari ákvæði í sérreglum deilda hér á eftir. Miðað skal við að lengd 180 eininga náms sé sex misseri, en taki að hámarki tíu misseri, og lengd 240 eininga náms átta misseri, en taki að hámarki tólf misseri. Síðari tímamörkin miðast við formlega staðfestingu doktorsnefndar á því að hún telji doktorsritgerð hæfa til varnar. Ef ekki tekst að ljúka náminu innan tímamarka getur doktorsnemi sótt um undanþágu til doktorsnámsnefndar. Verði undanþága veitt má setja þau skilyrði að doktorsnemi uppfylli kröfur sem þá eru í gildi um doktorsnám þótt hann hafi hafið námið meðan aðrar reglur giltu.

Heimilt er að gera hlé á doktorsnámi vegna sérstakra aðstæðna í allt að eitt ár í senn og afgreiðir doktorsnámsnefnd umsóknir um slíkt og tilkynnir Miðstöð framhaldsnáms.

Doktorsnemi sem ekki hefur sinnt árlegri skráningu og ekki sótt formlega um námshlé getur sótt um að taka upp doktorsnám að nýju. Doktorsnámsnefnd tekur afstöðu til umsóknarinnar að höfðu samráði við leiðbeinanda og námsbraut/deild. Verði umsókn samþykkt má setja skilyrði um að doktorsnemi uppfylli kröfur sem þá eru í gildi um doktorsnám þótt hann hafi byrjað doktorsnámið þegar aðrar reglur giltu.

7. gr. Framvinda og samsetning náms.

Doktorsritgerðir við deildir Hugvísindasviðs skulu metnar til 180 eininga. Stúdent í 240 eininga doktorsnámi lýkur enn fremur 60 eininga almennu námi fyrir eða samhliða samningu ritgerðar, eftir því sem gert er ráð fyrir í skriflegri námsáætlun. Sá hluti getur m.a. verið fólgin í námskeiðum, þ.m.t. lesnámskeiðum og einstaklingsverkefnum, við Háskóla Íslands eða aðra háskóla, samningu fræðilegra greina og fyrirlestra, háskólakennslu o.fl. Skal alla jafna miða við að námskeiðum sé lokið innan tveggja ára frá upphafi náms. Nánar er kveðið á um þetta í sérreglum deilda hér á eftir.

Við upphaf náms skulu doktorsnemi og leiðbeinandi ganga frá skriflegri námsáætlun, að hámarki 3 blaðsíður, þar sem kveðið er á um gagnkvæmar skyldur og réttindi aðila. Doktorsnámsnefnd staðfestir námsáætlun fyrir hönd Hugvísindasviðs og Miðstöð framhaldsnáms fyrir hönd Háskóla Íslands. Umtalsverðar breytingar á námsáætlun síðar í doktorsnáminu eru háðar samþykki framangreindra aðila.

Doktorsnemi skilar einnig rannsóknaráætlun snemma á námsferlinum. Nemandi í 180 eininga doktorsnámi skilar rannsóknaráætlun fyrir lok fyrsta misseris en nemandi í 240 eininga doktorsnámi eigi síðar en við lok annars misseris. Hún skal vera 4.000–6.000 orða lýsing á væntanlegri doktorsritgerð. Í rannsóknaráætluninni skal gera grein fyrir viðfangsefni ritgerðarinnar, þeim spurningum sem bornar verða upp og rannsóknaraðferð. Uppbygging ritgerðarinnar skal útskýrð á greinargóðan hátt. Lýsingu fylgi drög að heimildaskrá. Doktorsnemi skal verja rannsóknaráætlunina munnlega fyrir doktorsnefnd að jafnaði innan tveggja vikna frá skilum. Að lokinni vörn skal rannsóknaráætlun send til doktorsnámsnefndar til endanlegrar samþykktar. Umtalsverðar breytingar á rannsóknaráætlun síðar í doktorsnáminu eru háðar samþykki doktorsnámsnefndar og skulu byggjast á skýringum og rökstuðningi sem doktorsnefnd hefur fallist á.

Doktorsnemi skal árlega skila til skrifstofu Hugvísindasviðs námsframvinduskýrslu sem staðfest er af leiðbeinanda og skal skrifstofa Hugvísindasviðs skila Miðstöð framhaldsnáms afriti.

Gögn um doktorsnámið eru varðveitt á skrifstofu Hugvísindasviðs.

Deildir geta sett nánari reglur um framvindu náms og eftirlit með því.

8. gr. Tengsl meistara- og doktorsnáms.

Ekki má nota meistararitgerð sem uppistöðu í doktorsritgerð, en þó er heimilt að halda áfram á sama eða skyldu rannsóknarsviði.

9. gr. Leiðbeinandi og umsjónarkennari.

Sérhver doktorsnemi skal frá upphafi náms hafa leiðbeinanda sem alla jafna skal vera akademískur starfsmaður í viðkomandi deild við Háskóla Íslands og er hann jafnframt umsjónarkennari doktorsnemans. Leiðbeinandi skal hafa lokið doktorsprófi eða jafngildi þess, vera viðurkenndur og virkur sérfræðingur á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar á því sviði á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

Heimilt er að skipa leiðbeinanda utan deildar en þá skal nemandi frá upphafi náms hafa umsjónarkennara sem er akademískur starfsmaður deildar. Umsjón með doktorsnemunum eiga þeir einir að hafa sem lokið hafa doktorsprófi eða jafngildi þess. Í slíkum tilvikum fylgist umsjónarkennari með vinnu doktorsnema og framvindu, með það fyrir augum að tryggja honum sömu stöðu og öðrum doktorsnemunum deildarinnar og jafnframt að nám og leiðsögn sé í samræmi við þessar reglur og Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands.

Hlutverk leiðbeinanda er að sinna leiðsögn við doktorsverkefnið og fylgjast með framgangi þess, sem og að veita ráðgjöf um faglegt og fræðilegt samhengi rannsóknar og verkefnis. Doktorsnemi ráðfærir sig við leiðbeinanda og umsjónarkennara um gerð rannsóknaráætlunar, skipulag námsins, val námskeiða, ef við á, og annað sem tengist náminu. Leiðbeinandi aðstoðar jafnframt doktorsnema við að sækja um rannsóknarstyrki og aðstöðu, t.d. vegna rannsóknardvalar erlendis. Ef 60 eininga almennt nám er hluti af doktorsnáminu er leiðbeinandi, og umsjónarkennari, ef við á, ráðgjafi doktorsnema um það nám og í vissum tilvikum leiðbeinandi einstaklingsverkefna hans. Mikilvægt er að samstarf doktorsnema og leiðbeinanda einkennist í senn af trausti og gagnrýnum samræðum um viðfangsefni doktorsnemans. Auk leiðbeinanda og annarra í doktorsnefnd, sbr. 10. gr., getur doktorsnemi notið leiðsagnar annarra að höfðu samráði við leiðbeinanda og umsjónarkennara.

Gangi samstarf leiðbeinanda og doktorsnema ekki sem skyldi geta annar hvor eða báðir óskað eftir því við doktorsnámsnefnd að nýr leiðbeinandi verði skipaður samkvæmt tillögu deildar. Umsókn er einkum metin á grundvelli rökstuðnings sem henni fylgir og með hliðsjón af möguleikum á að finna annan hæfan leiðbeinanda.

Láti aðalleiðbeinandi af leiðsögn doktorsnema af óviðráðanlegum ástæðum leitast deild við að útvega nýjan leiðbeinanda.

10. gr. Doktorsnefndir.

Doktorsnámsnefnd skal skipa doktorsnefnd að höfðu samráði við leiðbeinanda eigi síðar en við lok fyrsta misseris. Doktorsnefnd skal skipuð

tveimur til þremur sérfróðum einstaklingum auk leiðbeinanda og skal a.m.k. einn þeirra ekki vera fastráðinn starfsmaður viðkomandi deildar. Leiðbeinandi er formaður nefndar. Ef umsjónarkennari er annar en leiðbeinandi, sbr. 9. gr., skal hann taka sæti í doktorsnefnd. Leiðbeinandi fylgist grannt með vinnu doktorsnema og veitir leiðsögn þangað til hann telur að ritgerð sé tilbúin til varnar. Aðrir nefndarmenn leggja mat á framvindu, gera athugasemdir við drög að doktorsritgerð og/eða einstökum köflum og taka þátt í leiðsögn þegar ástæða þykir til. Doktorsnefnd og doktorsnemi funda eftir því sem þörf krefur á námstímanum og um miðbik námsins sannreynir nefndin fræðilega þekkingu, undirstöðu og rannsóknaraðferðir doktorsnemans.

Þegar doktorsnefnd telur ritgerð tilbúna til varnar skilar hún rökstuddu álit, sem allir nefndarmenn staðfesta, til deildar um að doktorsnemi geti lagt ritgerð fram til doktorsvarnar. Sé doktorsnefnd ekki sammála skal meirihluti ráða og er atkvæði formanns oddaatkvæði. Eftir að doktorsnefnd telur ritgerðina tilbúna til varnar gengur doktorsnámsefnd, fyrir hönd deildar, úr skugga um að námsferill doktorsefnis og frágangur ritgerðar séu fullnægjandi, skipar andmælendur og fylgir eftir kröfum þeirra um lagfæringar á ritgerð.

11. gr. Skil, framsetning og frágangur doktorsritgerða.

Doktorsnemi gerir grein fyrir rannsóknnum sínum og niðurstöðum í ritgerð sem skal alla jafna vera 75.000-100.000 orð. Þó má doktorsnámsnefnd veita undanþágu frá þessum lengdarmörkum í sérstökum tilvikum. Til doktorsritgerða eru gerðar kröfur um vísindaleg vinnubrögð og sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á fræðasviðinu.

Doktorsritgerð á Hugvísindasviði er eitt heildstætt og samfellt verk eða safn greina. Ef um safn greina er að ræða skulu þær hafa birzt eða staðfest að þær hafi verið samþykktar til birtingar á viðurkenndum ritrýndum vettvangi. Þær skulu varða sama rannsóknarsvið og mynda heild. Semja skal sérstaka yfirlitsgrein eða inngangskafla þar sem farið er yfir aðferðafræði og kenningagrunn heildarverksins, dregið saman efni hinna einstöku ritgerða, settar fram heildarályktanir eða efni þeirra tengt með öðrum fræðilegum hætti. Hinar birtu greinar, jafnan 3-5, skulu lagðar fram efnislega óbreyttar frá birtri/samþykkttri útgáfu.

Þegar doktorsnefnd telur ritgerð tilbúna til varnar og doktorsnámsnefnd hefur gengið úr skugga um að námsferill doktorsefnis og frágangur ritgerðar séu fullnægjandi, sbr. 10. gr., skal doktorsnemi ganga frá prófarkalesnu handriti, sem sé fullbúið að efni og innihaldi, og skila þremur útprentuðum eintökum ásamt rafrænu eintaki til deildar. Við frágang og meðferð heimilda skal doktorsefni fylgja viðurkenndum reglum

um vísindalegar ritsmíðar. Forsíða ritgerðar skal bera auðkenni Háskóla Íslands. Ef um sameiginlega doktorsgráðu er að ræða með öðrum háskóla eða háskólum samkvæmt samningi þar um, ber forsíða ritgerðar auðkenni beggja eða allra háskóla sem hlut eiga að máli. Hugvísindastofnun getur sett frekari ákvæði um útlit ritgerða í verklagsreglum.

Skýrt skal koma fram að verkefnið sé unnið við Háskóla Íslands, tilgreina skal leiðbeinanda og aðra í doktorsnefnd, fræðasvið og deild, og geta skal sjóða og annarra sem styrkt hafa verkefnið og þeirra stofnana eða fyrirtækja sem doktorsefni hefur tengst við vinnslu þess. Ritgerð skal að jafnaði vera á íslensku eða ensku með stuttu ágrip á báðum tungumálunum. Skyld er að auki að taka saman ítarlegri útdrátt á íslensku, sé ritgerðin skrifuð á öðru máli, en á ensku sé ritgerðin skrifuð á íslensku. Þegar ritgerð er skrifuð á öðru tungumáli en íslensku eða ensku bætist við ágrip á viðkomandi máli. Vörn fer að jafnaði fram á sama tungumáli og ritgerð er skrifuð á.

Þegar andmælendur hafa fallist á að ritgerð sé tæk til varnar og viðkomandi deild í kjölfarið ákveðið að doktorsvörn skuli fara fram skal doktorsefni láta prenta endanlega gerð hennar og afhenda Háskóla Íslands að lágmarki 20 eintök. Um frágang og fjölda eintaka vísast til leiðbeininga Hugvísindasviðs. Hugvísindastofnun ber kostnað vegna prentunar ritgerðar í endanlegri gerð ásamt doktorsefni í samræmi við verklagsreglur. Eftir að doktorsnafnbót hefur verið veitt skal ritgerð vistuð á stafrænu formi í Skemmu, sbr. 13 gr.

12. gr. Andmælendur.

Sjái doktorsnámsnefnd engin tormerki á því að ritgerð sé lögð fram til doktorsvarnar skipar hún að tilnefningu deildar og að fenginni umsögn Miðstöðvar framhaldsnáms tvo andmælendur við munnlega vörn ritgerðarinnar. Andmælendur skulu vera alþjóðlega viðurkenndir sérfræðingar á fræðasviði doktorsritgerðarinnar. Einungis þeir sem hafa lokið doktorsprófi eða áunnið sér jafngildi þess geta verið andmælendur við doktorsvarnir hjá deildum Hugvísindasviðs. Þegar þess er kostur skal a.m.k. annar andmælenda vera kennari eða sérfræðingur við annan háskóla eða rannsóknastofnun. Andmælendur fá skipunarbréf með upplýsingum um doktorsnám við Háskóla Íslands og leiðbeiningum um mat ritgerðar og vörn frá formanni doktorsnámsnefndar eigi síðar en með eintaki af ritgerð sem þeir fá til mats.

Ekki er heimilt að andmælendur við doktorsvörn hafi átt sæti í doktorsnefnd. Doktorsnemi og doktorsnefndarmenn skulu ekki vera í beinum samskiptum við andmælendur um doktorsritgerðina.

13. gr. Námsmat og doktorsvörn.

Í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að andmælendur fá ritgerðina í hendur er gert ráð fyrir að þeir hafi sent rökstudda umsögn um hvort þeir telji að ritgerðin sé 1) tæk til varnar, 2) tæk til varnar með nauðsynlegum breytingum eða 3) ekki tæk til varnar. Komist andmælendur ekki að samkomulagi um hvort ritgerð sé tæk til varnar er doktorsnámsnefnd heimilt, í samráði við námsbraut/deild og Miðstöð framhaldsnáms, að skipa nýja andmælendur.

Telji andmælendur að gera þurfi breytingar á ritgerðinni til að hún teljist tæk til varnar fær doktorsefni tækifæri til að bregðast við gagnrýni og laga ritgerðina og senda doktorsnámsnefnd nýja gerð, sem kemur henni í hendur andmælenda. Með nýrri gerð skal fylgja greinargerð um hverju hafi verið breytt til að mæta athugasemdum andmælenda. Skal það að jafnaði gert innan sex vikna frá svari andmælenda. Það er forsenda þess að doktorsvörn sé haldin að andmælendur hafi staðfest við doktorsnámsnefnd að viðbrögð við aðfinnslum séu fullnægjandi að þeirra mati. Gert er ráð fyrir að andmælendur staðfesti þetta innan tveggja vikna frá því þeir fá endurskoðaða ritgerð í hendur.

Uni doktorsefni ekki niðurstöðu andmælenda getur hann skotið máli sínu til deildar, sbr. nánar 50. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

Endanleg gerð ritgerðar skal send andmælendum eigi síðar en tveimur vikum áður en vörn fer fram og skal hún jafnframt liggja frammi á skrifstofu Hugvísindasviðs fram að vörn. Ekki er heimilt að gera efnislegar breytingar á ritgerðinni eftir að hún hefur verið metin tæk til varnar. Um frágang og prentun ritgerðar er kveðið á í 11. grein.

Doktorsefni skal verja ritgerð sína í háskólanum í heyranda hljóði á þeim degi sem viðkomandi deildarforseti ákveður, alla jafna eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að andmælendur hafa metið hana tæka til varnar. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum Háskóla Íslands um doktorspróf. Deildarforseti stýrir doktorsvörn. Nánar er kveðið á um framkvæmd doktorsvarna í verklagsreglum háskólaráðs. Að lokinni munnlegri vörn ákveður deildarforseti ásamt andmælendum hvort veita skuli doktorsnafnbót. Verði ágreiningur skal skjóta málinu til deildarfundar. Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga ekki atkvæðisrétt um mál er varða veitingu doktorsnafnbóta. Ákveði andmælendur og deildarforseti að veita doktorsnafnbót skal ritgerð vistuð í Skemmu að lokinni vörn. Þó er heimilt að loka aðgangi að ritgerðinni tímabundið, vegna rannsóknarhagsmuna eða fyrirhugaðrar útgáfu.

Ekki eru gefnar einkunnir fyrir doktorspróf.

14. gr. Tengsl við aðra háskóla og önnur svið Háskóla Íslands.

Hluta doktorsnáms má taka við aðrar deildir og svið Háskóla Íslands en doktorsnemi er skráður við, aðra háskóla eða viðurkenndar rannsókn- eða vísindastofnanir. Jafnframt er heimilt að veita doktorsgráðu sameiginlega með öðrum deildum og sviðum Háskóla Íslands eða öðrum háskóla. Í slíkum tilfellum kemur til greina að haga doktorsvörn í samræmi við hefðir beggja aðila, eins og um semst hverju sinni. Ritari doktorsnámsnefndar annast samskipti við samstarfsskóla í samráði við Miðstöð framhaldsnáms.

15. gr. Lærdómstitill.

Doktorspróf frá deildum Hugvísindasviðs, að undangengnu doktorsnámi samkvæmt reglum þessum, veitir lærdómstitilinn *Philosophiae Doctor* (Ph.D.). Þó geta þeir sem ljúka doktorsprófi í guðfræði valið á milli lærdómstitlanna *Philosophiae Doctor* (Ph.D.) og *Doctor Theologiae* (Dr. Theol.). Skal segja á skírteini hvaða fræðigrein doktorsprófið tilheyrir.

II. KAFLI Doktorspróf án undangengins skipulagðs náms.

16. gr. Doktorspróf án undangengins skipulagðs náms.

Doktorspróf án undangengins skipulagðs náms er fólgið í samningu ritgerðar eða safns ritgerða og munnlegri vörn, sbr. 70. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Doktorsefni skal hafa lokið meistaraprófi eða jafngildu námi í þeirri fræðigrein sem doktorsritgerðin heyrir til, eða tengdri grein. Til doktorsritgerðar eru gerðar kröfur um vísindaleg vinnubrögð og frumlegt framlag doktorsefnisins til viðkomandi vísindagreinar. Heimilt er að leggja fram safn ritrýndra greina sem hafa verið birtar eð samþykktar til birtingar, nema annað sé tekið fram í sérreglum deilda, og verða greinarnar að varða sama meginrannsóknarsvið og mynda heild. Semja skal sérstaka yfirlitsritgerð, þar sem dregið er saman efni hinna einstöku ritgerða og settar fram heildarályktanir. Sjá nánar 1. og 2. mgr. 11. gr., um framsetningu og frágang doktorsritgerða.

Umsókn um að þreyta doktorspróf skal stíluð til viðkomandi deildar. Með umsókninni skulu fylgja fjögur eintök af framlagðri ritgerð. Einnig skulu fylgja með umsókninni umsagnir þriggja aðila um það hvaða þýðingu telja megi að ritgerðin hafi fyrir fræðasamfélagið og rannsóknir á viðkomandi sviði. Umsagnaraðilar skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á fræðasviðinu.

Varði ritgerð grein hugvísinda sem ekki er lögð stund á við Háskóla Íslands er deild heimilt að synja umsækjanda um mat á ritgerð á þeim grundvelli.

Reynist ekki unnt að fá hæfa dómnefndarmenn til að meta ritgerð er deild heimilt að fara fram á að verkið verði lagt fram í íslenski þýðingu eða á öðru tungumáli sem deild samþykkir.

Deildarforseti leitar umsagnar viðeigandi námsbrautar/deildar á ritgerðinni og umsögnum sem henni fylgja og gerir tillögu til doktorsnámsnefndar um afgreiðslu. Nefndin tekur afstöðu til þess hvort umsóknin uppfyllir gæðakröfur, m.a. með hliðsjón af viðmiðum sem gilda um doktorsnám. Þess skal sérstaklega gætt að doktorsritgerð hafi að geyma ítarlega umfjöllun um stöðu þekkingar á fræðasviðinu. Nefndin getur aflað viðbótarumsagna ef þess er þörf til þess að meta megi umsóknina út frá þeim atriðum sem að ofan greinir. Ef úrbóta er þörf upplýsir nefndin umsækjanda um það, en skipar ella, að fenginni tilnefningu deildar, þriggja manna dómnefnd til að meta vísindagildi ritsmíða þeirra, er fylgja umsókninni. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa doktorsprófi eða áunnið sér jafngildi þess, nema því verði ekki við komið. Æskilegt er að einn eða fleiri meðlimir dómnefndar séu utan háskólans þar sem andmælendur koma alla jafna úr þessum hópi. Dómnefnd skilar skriflegu og rökstuddu álitni til doktorsnámsnefndar. Álit dómnefndar eða meirihluta hennar skal vera afdráttarlaust um hvort ritgerðin uppfylli þær kröfur sem gera verður til doktorsritgerða. Sé ágreiningur innan dómnefndar er minnihluta heimilt að gera grein fyrir afstöðu sinni með séráliti. Sé dómnefnd sammála skal hún skila einu álitni.

Ef meirihluti dómnefndar telur að rit sem umsækjandi hefur lagt fram fullnægi ekki kröfum þeim sem gera verður til doktorsritgerða skal synja umsækjanda um að ganga undir doktorspróf. Telji meirihluti dómnefndar hins vegar ritið vera fullnægjandi ákveður doktorsnámsnefnd, í samráði við viðeigandi deild, hvort veita skuli umsækjanda kost á að þreyta prófið.

Telji doktorsnámsnefnd ritgerðina tæka til doktorsvarnar tilnefnir hún, að tilnefningu deildar og að fenginni umsögn Miðstöðvar framhaldsnáms, tvo andmælendur við munnlega vörn ritgerðarinnar. Andmælendur skulu alla jafna hafa setið í dómnefnd. Um námsmat og doktorsvörn gildir 13. gr. reglna þessara.

Um lærdómstitil fer eftir 15. gr.

III. KAFLI Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

17. gr. Námsleiðir og tungumál.

Við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda er boðið upp á doktorsnám í annarsmálsfræðum, dönsku, ensku, frönskum fræðum, spænsku og þýsku. Doktorsritgerð skal vera skrifuð á því tungumáli sem við á.

18. gr. Einingafjöldi.

Doktorspróf við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda byggist á doktorsritgerð sem nemur 180 einingum.

IV. KAFLI Guðfræði- og trúarbragðafræðideild.

19. gr. Námsleiðir.

Við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild er boðið upp á doktorsnám í guðfræði.

20. gr. Einingafjöldi.

Doktorspróf við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild byggist á doktorsritgerð sem nemur 180 einingum.

21. gr. Tungumál.

Doktorsritgerðir við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild skulu almennt skrifaðar á íslensku eða ensku, en þó kemur til greina að ritgerðir séu skrifaðar á dönsku, norsku eða sænsku og að þau tungumál séu notuð við doktorsvarnir.

22. gr. Viðbótarkröfur til mag. theol.-nema.

Umsækjendur um doktorsnám við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild er lokið hafa mag. theol.-prófi frá deildinni skulu ljúka MA-námi við deildina. Námið skal samanstanda af aðferðafræðinámskeiðum á meistarastigi (F-námskeiðum) á sviði hug- og/eða félagsvísinda, að lágmarki 20 ein., og 30 ein. rannsóknarritgerð. Heimilt er að ritgerðin fjalli um skylt efni og fyrirhuguð doktorsritgerð, sbr. nánar námskipunarreglur um meistara- og doktorsnám við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Heimilt er að meta allt að 60 einingar úr mag. theol.-námi eða cand. theol.-námi umsækjenda sem hluta náms til MA-prófs í guðfræði.

V. KAFLI Íslensku- og menningardeild.

23. gr. Námsleiðir.

Við Íslensku- og menningardeild er boðið upp á doktorsnám í almennri bókmenntafræði, íslenskri málfræði, íslenskum bókmenntum, menningarfræði og þýðingafraði.

24. gr. Einingafjöldi.

Doktorspróf við Íslensku- og menningardeild byggist á 240 eininga námi. Skiptist það í 60 eininga almennan hluta og 180 eininga doktorsritgerð. Almennur hluti doktorsnámsins ásamt alhliða þjálfun er samsettur úr formlegum námskeiðum, einstaklingsverkefnum, fyrirlestrum, fræðilegum greinum og háskólakennslu, samkvæmt nánari ákvörðun deildar.

Heimilt er að taka tillit til þeirrar reynslu eða undirbúnings sem doktorsnemi hefur aflað sér á ofangreindum sviðum áður en hann hóf formlegt doktorsnám. Námskeið sem voru hluti af MA-námi doktorsnemans og námskeið sem honum kann að vera gert að taka til að uppfylla skilyrði um undirbúning, sbr. 4. grein, geta þó ekki gilt sem þáttur í hinum almenna hluta doktorsnámsins.

Doktorsnefnd metur hvenær doktorsnemi hefur lokið hinum almenna hluta doktorsnámsins og leggur mat sitt fyrir doktorsnámsnefnd til samþykktar. Æskilegt er að doktorsnemi ljúki sem fyrst þeim formlegu námskeiðum sem hann hyggst taka sem hluta af sínu almenna námi og að jafnaði eigi síðar en við lok fjórða misseris, enda eiga þau að þjóna sem undirbúningur fyrir ritun doktorsritgerðarinnar. Leiðbeinandi doktorsnema skal fylgjast með því að hinn almenni þáttur doktorsnámsins dragist ekki úr hömlu.

25. gr. Tungumál.

Doktorsritgerðir við Íslensku- og menningardeild skulu almennt skrifaðar á íslensku eða ensku, en þó er hægt að sækja um að ritgerð sé skrifuð á öðru máli, einkum ef um er að ræða sameiginlega doktorsgráðu með erlendum háskóla.

VI. KAFLI Sagnfræði- og heimspekideild.

26. gr. Námsleiðir.

Við Sagnfræði- og heimspekideild er boðið upp á doktorsnám í fornleifafraeði, heimspeki, sagnfræði og hagnýtri siðfræði.

27. gr. Einingafjöldi.

Doktorspróf við Sagnfræði- og heimspekideild byggist á doktorsritgerð sem nemur 180 einingum.

28. gr. Tungumál.

Doktorsritgerðir við Sagnfræði- og heimspekideild skulu almennt skrifaðar á íslensku eða ensku, en þó er hægt að sækja um að ritgerð sé skrifuð á öðru máli, einkum ef um er að ræða sameiginlega doktorsgráðu með erlendum háskóla.

VII. KAFLI Gildistaka o.fl.

29. gr. Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði með heimild í 3. mgr. 18. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Reglurnar hafa verið samþykktar af Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Guðfræði- og trúarbragðafraeðideild, Íslensku- og menningardeild, Sagnfræði- og heimspekideild, stjórn Hugvísindasviðs og Miðstöð framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi III. kafli reglna nr. 154/2011 um meistara- og doktorsnám við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Ákvæði um meistaranám í reglum nr. 154/2011 halda gildi sínu þar til nýjar reglur um meistaranám hafa verið settar.

REGLUR UM VIÐURLÖG VIÐ MISNOTKUN Á HEIMILDUM

Í 4. málsgrein 54. gr. Reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 segir:

Stúdentum er algerlega óheimilt að nýta sér hugverk annarra í ritgerðum og verkefnum, nema heimilda sé getið í samræmi við viðurkennd fræðileg vinnubrögð.

Hugvísindasvið setur sér eftirfarandi reglur til að framfylgja þessu ákvæði.

1. Kennari sem hefur rökstuddan grun um brot á ofangreindri reglu skal við fyrsta tækifæri leggja greinargerð um málið fyrir námsbrautarformann (eða greinarformann) og deildarforseta.

2. Ef deildarforseti er sammála rökstuðningi kennara, skal deildarforseti boða nemandann í viðtal og tekur námsbrautarformaður (eða greinaformaður) þátt í viðtalinu. Viðtalið þjónar þeim tilgangi að ganga eftir afstöðu nemandans til meints brots og eftir atvikum að veita honum andmælarétt. Því skal nemandinn upplýstur fyrirfram um tilefni viðtalsins, gögn málsins og að hann kunnir að verða beittur viðurlögum vegna þess.

3. Telji deildarforseti og námsbrautarformaður (eða greinaformaður) að sannað sé með gögnum málsins og niðurstöðu viðtals að brot hafi verið framið skal tekin ákvörðun um viðurlög deildar, þannig að nemandinn fái 0.0 fyrir námskeiðið og teljist hafa nýtt próftökurétt í því. Jafnframt veitir deildarforseti nemandanum skriflega áminningu. Ef brot er minniháttar eða framið af gáleysi skal þó heimilt að beita vægari viðurlögum þannig að nemandinn fái 0.0 í einkunn fyrir umrætt verkefni jafnframt því að honum er gefinn kostur á að skila inn nýju verkefni. Við þær aðstæður skal deildarforseti veita nemandanum óformlega áminningu.

4. Afrit af áminningu deildarforseta skal geyma í skjalasafni Hugvísindasviðs og afrit sent Nemendaskrá. Áminningin gildir í þrjú ár. Einnig skal ganga úr skugga um hvaða önnur verkefni nemandinn hefur leyst á sama misseri og kanna hvort svipuð vinnubrögð hafi verið viðhöfð. Að öðru leyti er málið afgreitt. Ef slíkt athæfi endurtekur sig á gildistíma áminningarinnar skal hins vegar senda málið beint til forseta fræðasviðs.

5. Ef brot er alvarlegt, eða nemandi viðurkennir ekki sekt sína þrátt fyrir að deildarforseti, námsbrautarstjóri (eða greinaformaður) og kennari séu sammála um að grunur um misnotkun á heimildum sé ótvíræður og vel rökstuddur, skal senda málið til forseta fræðasviðs til meðferðar í samræmi við 19. gr. laga um opinbera háskóla, en þar segir:

19. gr. *Réttindi og skyldur nemenda.*

- *Háskólaráð setur, að fenginni umsögn heildarsamtaka nemenda innan háskólans, reglur um réttindi og skyldur nemenda, þ.m.t. um málskotsrétt þeirra innan háskólans.*
- *Nemandi skal forðast að hafast nokkuð það að í námi sínu eða í framkomu sinni innan og utan skólans sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á nám hans eða skóla.*
- *Gerist nemandi sekur um háttsemi skv. 2. mgr. eða sem er andstæð lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal forseti þess*

skóla þar sem hann er skráður til náms taka mál hans tilmeðferðar. Að teknu tilliti til alvarleika brots getur forseti veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal gefa nemanda kost á að tjá sig um málið. Nemanda er heimilt að skjóta ákvörðun forseta til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar forseta.

- *Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað nemanda, sem vikið hefur verið að fullu úr skóla, að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Nemanda er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.*

Þetta ákvæði er einnig tekið upp í 51. gr. Reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.